

Mæting á námskeiðið er klukkan 13:00 í innganginn í Fagralundi. Þar finna börnin sinn leiðbeinanda en mikilvægt er að foreldrar/forráðamenn finni leiðbeinanda námskeiðsins og láti vita að barnið er mætt á námskeiðið, leiðbeinendur mæta 5 mínútum áður en námskeiðið byrjar. Að gefnu tilefni er ekki leyfilegt að mæta hálf tíma fyrir námskeiðið og skilja barnið sitt eftir í Fagralundi.

Mikilvægt er að sækja barnið á réttum tíma ef barnið er ekki að fara á annað námskeið eftir hádegi. Ef barnið er á öðru námskeiði eftir hádegi er best að skrá barnið í hádegismat því þá er barninu fylgt í mat, síðan í gæslu og að lokum á næsta námskeið eftir hádegi. Börnin eru sótt í inngang Smárans.

ATH bannað er að koma með hnetur í nesti þar sem iðkendur á námskeiðunum eru með bráðaofnæmi fyrir hnetum.

Foreldrum/forráðamönnum barna með sérþarfir býðst að sækja um stuðning fyrir börn sín á almenn sumarnámskeið og hvetjum við foreldra til að nýta sér það. Hér er linkur sem hægt er að sækja um stuðning: <https://sumar.kopavogur.is/hrafninn-trod/serst-sumarst/>

Hér er dagskráin fyrir sumarið

Ævintýranámskeið Breiðabliks 9:00-12:00 – Fagralundur

Dagskrá fyrir vikur 24, 26, 28 og 30

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Leikjadagur: Starfsfólk og börn kynnast með því að fara í allskonar skemmtilega leiki.	Fjöruferð: Gengið verður á Kársnesið í fjöruna. Þar munum við skoða náttúruna og sjá hvað er sniðugt að finna þar.	Gönguferð: Gengið verður að Hamraborg. Þar munum krakkarnir leika sér á hoppu dýninni og leiktækjunum þar.	Skotbolti: Farið verður út á grasflöt í Fagralund og farið í skotbolta og fleiri leiki.	Ratleikur: Risa ratleikur um Fagralund. Rosa stuð, mikið fjör, svaka gaman!

Dagskrá fyrir vikur 25, 27, 29 og 31

Leikjadagur: Starfsfólk og börn kynnst með því að fara í allskonar skemmtilega leiki.	Gönguferð: Gengið verður á Rútstún. Þar munum við fara í leiki og börnin geta leikið í glæsilegum leiktækjum sem þar eru.	Boðhlaup. Farið verður út á grasflöt fyrir utan Fagralund og farið í mismunandi boðhlaup og aðra leiki.	Leikvöllur: Farið verður á leikvöllinn við Fossvogsskóla og farið í leiki.	Skutlukeppni: Skutlur verða búnaðar til og síðan munum við halda æsispennandi skutlukeppni við nágrenni Fagralunds.
---	---	---	--	---

Breiðablik áskilur sér rétt til að breyta dagskránni (t.d. vegna veðurs eða mætingar á námskeiðið). Börnin eru beðin um að koma í íþróttafötum og helst í íþróttaskóm og klædd eftir veðri!

Gott er að vera með aukaföt í töskunni ef eitthvað kemur upp á. Námskeiðið einkennist af mikilli hreyfingu svo þægilegir skór eru mjög mikilvægir (íþróttaskór bestir). Einnig eru börnin beðin um að koma með létt nesti. Við biðjum foreldra að vera stundvísir þegar komið er með börnin og þegar þau eru sótt. Að gefnu tilefni viljum við taka fram að við reynum að hjálpa til við að passa upp á eigur barnanna en getum ekki tekið ábyrgð á þeim.

Ef einhverjar spurningar vakna er hægt að hafa samband við Sóllilju í gegnum tölvupóst: sumarnamskeid@breidablik.is eða í síma 4418912.